

Samkomulag um aukna byggðafestu á Þingeyri

Eftirtaldir aðilar gera með sér samning um samstarf við nýtingu 500 þorskígildistonna aflamarki árlega fiskveiðiárin 2018/2019, 2019/2020, 2020/2021, 2021/2022, 2022/2023 og 2023/2024 auk mótframlaga samstarfsaðila Byggðastofnunar samkvæmt grein 4 og fylgiskjali með samningi þessum, í því skyni að treysta byggðafestu á Þingeyri. Samningur þessi gerður á grundvelli reglugerðar 643/2016, umsóknar útgerðar- og fiskvinnsluaðila á Þingeyri dags. 9. mars 2018 og samþykktar stjórnar Byggðastofnunar 20. júní 2018.

Aðilar að samningi þessum eru:

- Byggðastofnun kt.450679-0389, Ártorgi 1, Sauðárkróki
- Íslenskt sjávarfang ehf. kt. 520701-2140, Bakkabraut 2, Kópavogur
- SE ehf. kt.530208-0600, Hlíðargötu 37, Þingeyri
- Bergur ehf. kt.440169-5119, Friðarhöfn, Vestmannaeyjum
- Svalvogar ehf. kt.670996-2049, Vallargötu 33, Þingeyri
- Páll Björnsson kt.270644-2019, Brekkugötu 31, Þingeyri
- Kuldaklettur ehf. kt.5301014-0730, Þingeyri
- Hólmgeir Pálmason kt.140148-4239, Brekkugötu 42, Þingeyri
- Hulda ÍS 40 ehf. kt.590402-3620, Fjarðargötu 47, Þingeyri
- Skjólvík ehf. kt.440716-0750, Brekkugötu 44, Þingeyri
- Þórður Sigurðsson kt.210646-2139, Fjarðargötu 35, Þingeyri

1.

Meginmarkmið samnings þess er að auka byggðafestu á Þingeyri. Í því skyni stefna samningsaðilar að stöðugri heilsárs fiskvinnslu, að skapa og viðhalda sem flestum heilsársstörfum fyrir karla og konur við veiðar, vinnslu og afleidda starfsemi á Þingeyri.

2.

Samningurinn gildir fyrir fiskveiðiárin 2018/2019, 2019/2020, 2020/2021, 2021/2022, 2022/2023 og 2023/2024 með fyrirvara um endurskoðun við upphaf hvers fiskveiðiárs þar sem lagt verður mat á hvort markmið samningsins og árangursviðmið umsóknarinnar sem samningurinn byggir á hafi gengið eftir. Úthlutun vegna nýs fiskveiðiárs hefst ekki fyrr en staðið hefur verið skuldbindingar næsta fiskveiðiárs á undan. Samningurinn er einnig gerður með fyrirvara um það magn sem atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið úthlutar til Aflamarks Byggðastofnunar ár hvert.

3.

Íslenskt sjávarfang ehf. rekur fiskvinnslu en aðrir samningsaðilar eru útgerðir sem landa munu afla til vinnslu hjá félaginu. Samningsaðilar skuldbinda sig til að skapa og viðhalda á samningstímanum þeim starfafjölda sem tilgreindur er í umsókn félaganna dags. 9. mars 2018.

4.

Byggðastofnun leggur til 500 þorskígildistonna aflamark af Aflamarki Byggðastofnunar árlega á gildistíma samningsins. Það skiptist þannig milli útgerða: Bergur ehf. 337,5 þorskígildistonn, SE ehf. 70 þorskígildistonn og aðrir útgerðaraðilar samtals 92,5 þorskígildistonn. Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að vinna að minnsta kosti 2.000 tonn af bolfiski ár hvert.

5.

Framsál aflamarks sem úthlutað er samkvæmt samningi þessum er óheimilt, en þó skulu heimil jöfn skipti á aflamarki í þorskígildum talið.

6.

Verði þær breytingar á högum samstarfsaðila að þeir geti ekki uppfyllt ákvæði samningsins skal tilkynna það til Byggðastofnunar eins fljótt og auðið er.

7.

Byggðastofnun er heimilt að afturkalla úthlutun aflamarks samkvæmt samningi þessum hafi ákvæði hans og/eða reglugerðarinnar verið brotin sbr.9.grein reglugerðarinnar. Séu brotin alvarlegs eðlis er Byggðastofnun heimilt að rifta samningi þessum einhliða. Sé úthlutað aflamark nýtt á óheimilan hátt samkvæmt samningi þessum eða reglugerð skal útgerðaraðili skila aflamarki aftur til Byggðastofnunar.

8.

Byggðastofnun er heimilt að birta samning þennan á heimasíðu sinni.

Fylgiskjöl með samningi þessum eru:

1. Umsókn um aflamark Byggðastofnunar dags. 9. mars 2018.
2. Samkomulag vinnslu og útgerðaraðila á Þingeyri með nánari útfærslu á skiptingu aflamarks á milli aðila og verðlagningu dags. 9. mars 2018.

Þingeyri 28. ágúst 2018



BYGGDASTOFNUM
f.h. Bygðastofnunar

Íslenskt sjávarfang ehf.
Kt. 520701214

f.h. Íslensks sjávarfangs ehf.



f.h. SE ehf.


f.h. Bergs ehf.



f.h. Svalyoga ehf.


Páll Björnsson


f.h. Kuldakletts ehf.



Hólmgeir Pálmason


f.h. Huldu ÍS 40 ehf.


f.h. Skjólvíkur ehf.


Þórður Sigurðsson

Vottar að undirskrift (nafn og kt.)


0810683729

Andri Þór Arnason
Kt. 080580-5179
